



Minnisblað

2. júní 2023

Til: miðstjórnar Framsóknar

Frá: Þingflokki Framsóknar

Efni: Klippt og skorið um þingmannamál á 153. löggjafarþingi Alþingis.

Ingibjörg Isaksen

• Aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að móta stefnu og aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri með tilliti til vísinda og mennta.

Samhliða því markmiði verði stuðlað að bættri heilbrigðisþjónustu á upptökusvæði sjúkrahússins ásamt því að laða að sérhæft heilbrigðisstarfsfólk. Starfshópurinn leggi áherslu á eftirfarandi:

1. Samstarf við Landspítala og tengdar menntastofnanir verði aukið með það að markmiði að veita Sjúkrahúsinu á Akureyri viðurkenningu á verkefnum tengdum háskólasjúkrahúsi.

2. Staða Sjúkrahússins á Akureyri í rannsóknum, þróun og kennslu verði styrkt.

Starfshópurinn kostnaðargreini og meti ávinning af þeim tillögum sem lagðar eru fram.

Ráðherra leggi niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar en 1. september 2023.

• Einföldun á ferli umsókna um sérstök útgjöld vegna barns

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að flýta þróun rafræna samskipta og einfalda ferli umsókna hjá sýslumanni um sérstök útgjöld vegna barns. Áhersla verði lögð á að auðvelda aðgengi milli ríkisaðila að upplýsingum og gögnum vegna umsókna um sérstök útgjöld.

• Greining á samkenndarþreytu og tillögur að úrræðum

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem hafi það markmið að greina og gera tillögur að fyrirkomulagi til þess að efla geðheilsu fagfólks sem vinnur við að hjálpa öðrum, svo sem starfsfólks heilbrigðiskerfisins, lögreglu, slökkviliðs og í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Hlutverk starfshópsins verði að:

- greina vandann með gagnreyndum aðferðum, þ.e. rannsaka starfstengd lífsgæði meðal fagfólks í þessum greinum með áherslu á samkenndarþreytu, annars stigs áföll, kulnun og samkenndarsátt,
- bera niðurstöður saman við þær sem fengist hafa í öðrum

löndum,

c. nýta niðurstöður til þess að bera saman starfstengd lífsgæði fagfólks á milli starfseininga og meta þar með þörfina eftir úrræðum,

d. koma með tillögur að úrræðum.

Ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum starfshópsins og kynni tillögur að úrræðum eigi síðar en 1. maí 2023.

• Markviss öflun gagna um líðan, velferð og efnahag eldra fólks

Alþingi ályktar að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að útbúa mælaborð með það að markmiði að halda utan um og safna tölfraðilegum upplýsingum um líðan, velferð og efnahag eldra fólks og ná þannig fram heildarmynd af almennri stöðu aldraðra í samfélaginu svo hægt sé að forgangsraða verkefnum sem brýnt er að takast á við.

• Samræmd vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra í samvinnu við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að setja á laggirnar samræmda vefgátt fyrir leyfisveitingar, skipulagsferli, mat á umhverfisáhrifum og tengdar málsmeðferðir ásamt því að einfalda ferli við undirbúning framkvæmda.

Jóhann Friðrik Friðriksson

• Innleiðing lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja vinnu við að opna heilsugæslusel í Suðurnesjabæ í takt við stefnu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 2020–2023. Fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af því verkefni svo að þjónustan geti hafist sem fyrst.

• Heilsugæslusel í Suðurnesjabæ

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að klára vinnu við að festa í sessi lýðheilsuáætlun hér á landi. Sérfræðihópur verði skipaður með þátttöku fagráðuneyta, fræðasamfélags og Embættis landlæknis er leggi til leiðir sem tryggja rýni allra stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fyrir Alþingi út frá áhrifum þeirra á heilsu þjóðarinnar. Hópurinn skal skila stöðuskýrslu sem kynnt verði Alþingi eigi síðar en 1. maí 2023.

Halla Signý Kristjánsdóttir

• Aukin verðmætasköpun við nýtingu þörungna

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra í samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að kanna möguleika á aukinni verðmætasköpun við nýtingu þörungna. Starfshópurinn leggi áherslu á eftirfarandi:

1. Hvernig lög og reglur styðji við sjálfbæra nýtingu á þörungum sem vaxa villtir eða eru ræktaðir í sjó eða á landi.
2. Hvernig efla megi rannsóknir og nýsköpun um land allt sem varði öflun þörungna, nýtingu þeirra sem og framleiðslu og markaðssetningu á vörum úr þeim.
3. Hvernig styrkja megi eftirlitsaðila og auka sérfræðiþekkingu um þörungaræktun innan viðeigandi stofnana.

Starfshópurinn skili skýrslu með tillögum til Alþingis eigi síðar en 1. mars 2023.

• Eignarhald í laxeldi

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að:

- a. koma fram með tillögum um hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds á laxeldisleyfum,
- b. skoða hvort takmarka eigi eignarhald erlendra aðila á laxeldisleyfum.

Ráðherra leggi niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar en 30. september 2023.

• Endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og matvælaráðherra að skipa starfshóp til þess að yfirfara laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis með hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi.

Markmið starfshópsins verði:

- a. að taka saman yfirlit yfir heildargjaldtöku af fiskeldi og undir hverju tekjunum er ætlað að standa, sem og hvernig þær tekjur skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga,
 - b. að tryggja sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað skýrar heimildir til töku gjalda af sjókvíaeldi,
 - c. að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.
- Endurskoðun sem felur í sér heildargreiningu á gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga af fiskeldi og tillögum að lagabreytingu sem skýra heimildir til töku gjalda til að standa undir nauðsynlegri þjónustu ríkis og sveitarfélaga af sjókvíaeldi skal vera lokið og skýrsla kynnt Alþingi eigi síðar en í lok árs 2023.

• Endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að endurskoða lög og reglugerðir sem gilda um leyfisveitingar til uppsetningar smávirkjana með það að markmiði að einfalda umsóknarferli í tengslum við þær. Endurskoðun verði lokið

og tillaga um aðgerðaáætlun kynnt Alþingi eigi síðar en í lok árs 2023.

• Flutningur höfuðstöðva Raríks ohf. á landsbyggðina

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að stefna að flutningi höfuðstöðva Raríks ohf. á landsbyggðina og að kanna á grundvelli hagsmuna félagsins hvar væri hentugast að byggja upp höfuðstöðvarnar og efla starfsstöðvar Raríks um landið.

Ágúst Bjarni Garðarsson

• Hnefaleikar.

Með frumvarpinu er settur nýr lagabálkur, sem fjallar um hnefaleika hvort sem þeir séu stundaðir af áhugamönnum eða af atvinnu, en það er nýnæmi að atvinnumannahnefaleikar séu gerðir löglegir hér á landi. Framangreind lög nr. 92/1956 og 9/2002 eru felld úr gildi í kjölfarið.

• Skattalegir hvatar vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp sem fái það verkefni að útfæra skattalega hvata til launagreiðanda hvort sem er á opinberum eða almennum markaði vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks. Markmiðið er að keppnis- og afreksíþróttafólk fái greidd laun að hluta eða að fullu frá launagreiðanda þegar það þarf að mæta á æfingar eða íþróttamót og launagreiðandi fái skattaívilnun á móti greiddum launum.

Ráðherra geri grein fyrir niðurstöðum starfshópsins í lok maí 2023.

• Uppbygging klasa opinberra fyrirtækja og stofnana

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp sem geri tillögu að uppbyggingu klasa opinberra fyrirtækja og stofnana. Markmið starfshópsins verði að koma opinberum fyrirtækjum og stofnunum fyrir á sama stað til þess að ná fram rekstrarlegri hagræðingu og öðrum samlegðaráhrifum. Unnið verði að uppbyggingu slíks klasa í nánú samstarfi við einkaaðila og sveitarfélög. Starfshópurinn skili tillögu sinni fyrir árslok 2023.

• Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir einhverfa

Alþingi ályktar að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra í samvinnu við mennta- og barnamálaráðherra að koma á fót þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir einhverfa.

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

• Áfengislög (afnám opnunarbanns á frídögum)

Með frumvarpi þessu er lagt til að 2. mgr. 12. gr. og 5. mgr. 6. gr. a áfengislaga falli brott en samkvæmt ákvæðunum skulu áfengisútsölustaðir vera lokaðir á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

• Breyting á lögum um ættleiðingar (ættleiðendur)

Í breytingunni felst að einstaklingur sem hefur verið í sambúð eða hjúskap við annað foreldrið en síðar slitið samvistum við það, geti óskað eftir að ættleiða barnið án þess að lagatengsl rofni við hitt foreldrið. Einnig er lögð til heimild til að ættleiða barn eða kjörbarn einstaklings sem hefur fallið frá. Hér er um að ræða að sá sem ættleiðir kemur í stað annars foreldris, þ.e. að barn hafi eftir ættleiðingu lagatengsl við tvo aðila.

• Bættar vegasamgöngur yfir Hellsisheiði

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að stofna starfshóp sem hafi það að markmiði að greina og koma með tillögur um hvernig bæta megi vegasamgöngur yfir Hellsisheiði svo að ekki þurfi að koma til ítrekaðra lokana yfir vetrarmánuði. Ráðherra leggi niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar 1. september 2023.

• Ókeypis fræðsla og þjálfun foreldra barna með ADHD

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra að koma á fót fræðslu og þjálfun foreldra barna, allt að 16 ára, með ADHD strax við greiningu. Fræðslan og námskeiðin standi til boða þeim að kostnaðarlausu.

• Upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa barnaverndaryfirvalda, félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembættanna. Starfshópnum verði m.a. falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli félagsmálafyrvalda, heilbrigðisyfirvalda, menntamálayfirvalda og lögreglu og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins eigi síðar en í júní 2023.

Líneik Anna Sævarsdóttir

• Menningarminjar

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um menningarminjar, nr. [80/2012](#), með það að markmiði að heimilt verði að friðlýsa trjálundi, stök tré og garðagróður.

• Fjarnám á háskólastigi

Alþingi ályktar að fela háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að skipa starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun um frekari eflingu fjarnáms með áherslu á

þróun stafrænna kennsluhátta á háskólastigi.

Markmið vinnunnar verði að greina hvernig íslenskir háskólar geti ávallt verið í fremstu röð í notkun stafrænna kennsluhátta og þannig aukið aðgengi að námi og gæði alls náms, hvort sem nemandi stundar námið innan veggja háskóla eða í fjarnámi.

Í vinnu starfshópsins verði lögð áhersla á eftirfarandi:

- gæði og þróun stafrænna kennsluhátta,
 - aukið framboð fjarnáms, bæði námsleiða og einstakra námskeiða,
 - allt nám sem mögulegt er að verði fjarnám verði það nema eðli námsins krefjist staðnáms sérstaklega,
 - réttindi og hlutverk nemenda, hvort sem þeir stunda fjar- eða staðnám,
 - samfélagslegt hlutverk háskóla,
 - hlutverk stjórnvalda í stuðningi við fjarnám á háskólastigi.
- Starfshópurinn skili niðurstöðu til ráðherra fyrir árslok 2023. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum hópsins.

• Skráning og bókhald vegna kolefnisbindingar í landi

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra, í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að taka saman upplýsingar og skýra verklag við skráningu og bókhald kolefnisbindingar í landi sem umráðamenn lands þurfa að taka tillit til þegar þeir selja kolefniseiningar eða nýta þær til kolefnisjöfnunar í eigin rekstri.

Matvælaráðherra skili Alþingi greinargerð um verklag við skráningu og bókhald vegna kolefnisbindingar í landi eigi síðar en 1. júní 2023.

• Úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á tryggingavernd og úrvinnslu tjóna í kjölfar náttúruhamfara. Markmið úttektarinnar verði að greina hverju sé helst ábótavant í tryggingavernd og úrvinnslu tjóna og að draga fram leiðir til úrbóta.

Í úttektinni verði einkum horft til náttúruhamfara síðustu 10 ára, en úttektina mætti afmarka frekar í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga eftir að vinnan hefst.

Úttektinni verði skilað í formi skýrslu til Alþingis eigi síðar en 1. júlí 2023.

Stefán Vagn Stefánsson

• Stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til frumathugunar stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi. Litið verði við þessa frumathugun til starfsemi Equinor í Noregi, fyrrum Statoil.

Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir

- Ókeyppis getnaðarvarnir fyrir einstaklinga yngri en 25 ára

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að gera getnaðarvarnir aðgengilegar einstaklingum undir 25 ára þeim að kostnaðarlausu.

Þórarinn Ingi Pétursson

- Búvörulög (afurðastöðvar í kjötiðnaði)

Með frumvarpinu er lögð til breyting á búvörulögum í því skyni að undanþiggja afurðastöðvar í kjötiðnaði ákvæðum samkeppnislaga.

- Fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að útfæra fyrirkomulag vegna neyðarbirgða landbúnaðarafurða sem hægt er að framleiða hér á landi við endurskoðun búvörusamninga árið 2023 þar sem markmiðið yrði að tryggja lágmarksbirgðir af landbúnaðarafurðum í landinu hverju sinni.

- Heildarendurskoðun á vaktakerfi dýralækna

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að setja af stað vinnu við heildarendurskoðun á þjónustu og vaktakerfi dýralækna.

- Leyfi til að veiða álfít o.fl. utan hefðbundins

veiðitíma

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að útbúa tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða á eftirfarandi tegundum fugla utan hefðbundins veiðitíma þeirra:

- álfít, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökum og túnum frá 15. mars til 15. júní,
- álfít á kornökum frá 1. maí til 1. október.

Leyfin verði veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna verulegs ágangs fugla á tún og kornakra.

Ráðherra geri einnig stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfítir og gæsastofna á Íslandi í samvinnu við Umhverfisstofnun og hagsmunaaðila.

Ráðherra greini Alþingi frá tillögum sínum og leggi fram skýrslu um áætlunina eigi síðar en 1. desember 2023.

- Refa- og minkaveiðar (endurskoðunar kostnaðarhlutfall ríkisins)

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að taka til endurskoðunar kostnaðarhlutfall ríkisins vegna refa- og minkaveiða, auk skilvirkara regluverks um grenjavinnslu. Skoðað skal einnig betur tiltekin svæði þar sem veiðar á ref eru óheimilar á grundvelli laga um náttúruvernd.

- Sérstök tímabundin ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega í dýralæknámi

Alþingi ályktar að fela háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, í samráði við matvælaráðherra og innviðaráðherra, að vinna skýrslu með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Byggingastofnunar um sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega í dýralæknámi.

Ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar eigi síðar en 1. nóvember 2023.

- Þjóðaráttak í landgræðslu

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra að koma fyrir lok árs 2023 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

Elsa Lára Arnardóttir

- Verkferla um viðbrögð við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna og ungmenna

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að vinna að aðgerðaáætlun um verkferla um viðbrögð við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna og ungmenna. Sú vinna verði unnin í framhaldi af vinnu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytisins um mótun leiðbeininga fyrir starfsfólk skóla í tengslum við framkvæmd reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Úrræði verði mótuð á grunni nýrra farsældarlaga og byggð upp sem stuðningskerfi í kringum börn og ungmenni, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólakerfisins. Samráð verði haft við heilbrigðisráðherra, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og aðra hagaðila við gerð aðgerðaáætlunarinnar.

Ráðherra leggi aðgerðaáætlun um verkferla fyrir Alþingi eigi síðar en í maí 2023.
